

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Suðurgötu 18.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. febrúar 2008 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, Suðurgötu 18 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að heimilt verði að hækka húsið við Suðurgötu 18 um 80 cm. Lóð verður stækkuð og hámarksbyggingarmagn verður 1.700 m<sup>2</sup>.

*Breyting á deiliskipulagi íbúðahverfis norðurbæjar, Norðurbraut 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 5. mars 2008 breytingu á deiliskipulagi íbúðahverfis norðurbæjar, fyrir lóð nr. 13 við Norðurbraut í Hafnarfirði. Breytingin felst í að hámarksnýtingarhlutfall verður hækkað úr 0,6 í 0,7.

*Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Hvaleyrarbraut 33.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 31. ágúst 2005 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, fyrir lóð nr. 33 við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði. Breytingin felst í að nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0,52 í 0,57 og vegghæð hækkar lítillega.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 17. mars 2008,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2008